

Nd.

100. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. másl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6–7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

Auk þessa skal sjéð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við vörnámsskeiðin, annaðhvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.